



Morgunblaðið, 04.01.2022, síðu 28  
grein stærð: 85.46 sm2  
grein hæð: 8.52 sm

## Nýr fræðsluvefur um samtímamyndlist

A Bra Ka Da Bra nefnist nýr fræðsluvefur Listasafns Reykjavíkur um samtímamyndlist og er einkum ætlaður eldri nemendum grunnskóla og yngri nemendum framhaldsskóla. Á vefnum má finna fróðleik um ýmis orð og hugtök sem fjalla um myndlist, meðal annars miðla, stefnur, viðfangsefni og aðferðir og einnig er hægt að senda inn fyrirspurnir sem svarað verður eftir bestu getu og svörin birt á vefnum, að því er fram kemur í tilkynningu. Einnig má á vefnum finna myndbönd unnin af listamanninum Krassasig í samstarfi við listasafnið og hóp ungmenna.

Fræðsluvefurinn byggir á safneign Listasafns Reykjavíkur og er allt efnið á íslensku en stefnt að því að þýða það á önnur tungumál til að koma til mótis við ungmenni í ís-



Morgunblaðið/Eggert

**Safnstjóri Ólöf K. Sigurðardóttir,** safnstjóri Listasafns Reykjavíkur.

lenskum skólum sem eiga önnur tungumál en íslensku að móðurmáli. Slóðin á hinn nýja vef er listasafnreykjavikur.is/midlun/abrakadabra.